

**3265. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
29. október 2015 og hófst hann kl. 17:00**

Fundinn sátu:

Ólafur Adolfsson formaður, Valdís Eyjólfsdóttir varaformaður, Ingibjörg Valdimarsdóttir aðalmaður, Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir áheyrnarfulltrúi, Ingibjörg Pálmadóttir áheyrnarfulltrúi, Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri og Sædís Alexía Sigurmundsdóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Sædís Alexía Sigurmundsdóttir, verkefnastjóri.

Fyrir tekið:

1. **1502110 - Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar**
225. mál um breytingar á skipulagslögum.
Lagt fram.
2. **1510105 - Safnasvæðið - fjárhagsáætlun 2016**
Erindi menningar- og safnanefndar þar sem lagt er til að viðhald fasteigna safnsins verði fært yfir til eignarsjóðs Akraneskaupstaðar.
Bæjarráð tekur jákvætt í erindi menningar- og safnanefndar um að viðhald fasteigna safnsins verði fært yfir til eignarsjóðs Akraneskaupstaðar. Bæjarráð felur bæjarstjóra að koma með tillögu að útfærslu í samráði við sviðsstjóra skipulags- og umhverfissvið og Hvalfjarðarsveit. Beiðni um gjaldskrárbreytingu er vísað til fjárhagsáætlunargerðar 2016.
3. **1505010 - Lambhúsasund - uppbygging hafnarsvæðis**
Bréf Faxaflóahafna um erindi Þorgeirs & Ellerts hf. um framkvæmdir í Lambhúsasundi.
Lagt fram.
4. **1508390 - Menningarverðlaun Akraness 2015**
Tillaga menningar- og safnanefndar um menningarverðlaun Akraness árið 2015.
Bæjarráð samþykkir tillögu menningar- og safnanefndar um menningarverðlaun Akraness fyrir árið 2015.
5. **1508429 - Móttaka flóttafólks**
Velferðarráðuneytið þakkar þann áhuga og velvilja sem Akraneskaupstaður hefur sýnt áformum um móttöku flóttafólks.
Lagt fram.
6. **1410165 - Dalbraut 6 - þjónustumiðstöð fyrir aldraða**
Erindi FEBAN um samstarf er varðar húsnæðismál.

Bæjarráð þakkar fyrir erindið og er bæjarstjóra falið að svara erindinu fyrir hönd bæjarráðs.

7. 1510084 - Dagur íslenskrar tungu

Bréf mennta- og menningarmálaráðuneytis um Dag íslenskrar tungu þann 16. nóvember.

Bæjarráð vísar erindinu til skóla- og frístundaráðs.

8. 1510146 - Tónlistarskóli Akraness - 60 ára afmæli

Tónlistarskóli Akraness á 60 ára afmæli 4. nóvember.

Dagskrá í Tónlistarskóla Akraness þann 4. nóvember lögð fram til kynningar.

9. 1411073 - Búnaðar- og áhaldakaup 2015 (tækjakaupasjóður) - ráðstöfun fjármuna

Umsóknir velferðar- og mannréttindasviðs, stjórnsýslu- og fjármálasvið og skóla- og frístundasviðs í tækjakaupasjóð.

Bæjarráð samþykkir eftirfarandi úthlutun úr tækjakaupasjóði:

1. Skrifstofa velferðar- og mannréttindasvið - kr. 290.000
2. Tólmundastarf aldraða - kr. 130.000
3. Skrifstofa stjórnsýslu- og fjármálasviðs - kr. 440.000
4. Íþróttamannvirkin Jaðarsbökkum - kr. 120.000

Fjárhæðinni, samtals kr. 980.000, verður ráðstafað af liðnum 20830-4660.


Bæjarráð felur bæjarstjóra að undirbúa mótun reglna um tækjakaupasjóð.

10. 1509133 - Sérstakur stuðningur og aðstoð í leikskólum 2015

Erindi skóla- og frístundasviðs þar sem óskað er eftir fjármagni til að mæta auknum kostnaði vegna sérstaks stuðnings og aðstoð í leikskólum, samtals kr. 2.240.000.

Bæjarráð samþykkir erindið. Fjárhæðin samtals kr. 2.240.000 verður ráðstafað af liðnum 20830-4995, óviss útgjöld.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:48.


Vilborg P. Guðbjörnsdóttir
Frygðing Valdmarsson
Valdís Frygðisdóttir
Frygðing Valmarsson
Ragny Ásvaldís
Guðrún Ólafsson